

Tollskrárn.	Vörulýsing
úr 13.03.09	Giesan.
17.02.01	Drúfusukur (glúkósi).
úr 17.02.03	Síróp í 25 kg pakkningum og stærri.
17.04.02	Möndlumassi o. s. frv.
18.01.00	Kakaóbaunir.
18.03.00	Kakaódeig.
18.04.00	Kakaósmjör.
18.05.09	Kakaóduft, ósykrað.
19.01.00	Maltekstrakt.
úr 19.05.00	„Puffed rice.“
úr 21.07.09	Tilreidd plöntueggjahvíta (Hyfoama).
úr 28.30.09	Ammóníumklóríd.
úr 29.04.29	Sorbitol.
úr 29.05.00	Mentól.
úr 29.11.09	Vanilín.
úr 29.16.00	Sítrónsýra.
úr 29.24.00	Lesítín.
32.04.00	Litarefni.
úr 33.01.00	Rokgjarnar olíur.
33.04.01	Bragðbætandi efni.
úr 35.02.00	Þurrkaðar eggjahvítur.
úr 35.03.09	Gelatín.
úr 35.05.00	Dextrín.
úr 38.19.19	„Invertase concentrate.“

2. gr.

Niðurfelling tolla skv. 1. gr. er því skilyrði háð, að innflytjandi leggi stund á sælgætisframleiðslu og lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu hverju sinni, að varan verði eingöngu notuð sem efnivara til sælgætisframleiðslu.

3. gr.

Auglýsing þessi birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli, til að öðlast gildi 1. janúar 1975. Frá sama tíma er felld úr gildi auglýsing ráðuneytisins nr. 84/1974.

Fjármálaráðuneytið, 24. desember 1974.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Ólafsson.

REGLUGERÐ

um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

1. gr.

Með ávana- og fíkniefnum er átt við í reglugerð þessari lyf og efni, sem talin eru á listum I—IV í „Single Convention on Narcotic Drugs“ 30. mars 1961 ásamt viðaukum, og listum I—IV í „Convention on Psychotropic Substances“ 19. febrúar 1971 ásamt viðaukum. Enn fremur önnur lyf og efni, sem sannað hefur verið við vísindalega rannsókn, að misnota megí á svipaðan hátt eða hafi lík skaðvænleg áhrif.

Ávana- og fíkniefni eru skráð á listum A, B og C í fylgiskjali I með reglugerð þessari, og á sú skrá jafnframt við sölt efnanna og hvers konar samsetningar.

2. gr.

Innflutningur, útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla svo og hvers konar önnur meðferð ávana- og fíkniefna, sem talin eru á lista A með reglugerð þessari, er óheimil á íslensku forráðasvæði.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu banni vegna visindalegra rannsókna eða af öðrum sérstökum orsökum. Nú er reglum eða skilyrðum, sem ráðherra setur um slíkar undanþágur, ekki fullnægt og er ráðherra þá heimilt að nema þegar í stað úr gildi eða takmarka slíkar undanþágur.

3. gr.

Lyfsalar mega flytja inn og út, framleiða, selja og afhenda ávana- og fíkniefni, með þeim takmörkunum, sem kunna að verða gerðar samkvæmt reglugerð þessari eða öðrum ákvæðum.

Lyfjaverslun ríkisins og aðrar lyfjagerðir mega því aðeins flytja inn og út, framleiða og selja í heildsölu ávana- og fíkniefni að þær hafi til þess leyfi ráðherra.

Lyfjaheildsölur mega því aðeins flytja inn og út og selja í heildsölu ávana- og fíkniefni að þær hafi til þess leyfi ráðherra.

Leyfi samkvæmt 2. og 3. málsgrein skulu bundin hverju einstöku lyfi og efni.

Lyfsölum, Lyfjaverslun ríkisins, lyfjagerðum og lyfjaheildsölum er einum heimilt að afhenda ávana- og fíkniefni öðrum aðila, sbr. 7. gr., er leyfi hefur til vörslu, meðferðar eða sölu ávana- og fíkniefna. Þetta ákvæði nær ekki til afhendingar lyfjabúða og annarra er hafa leyfi til lyfjasölu til einstaklinga samkvæmt lyfseðli læknis (dýralæknis, tannlæknis).

Lyfjaverslun ríkisins, lyfjagerðum og lyfjaheildsölum er aðeins heimilt að afhenda ávana- og fíkniefni þeim aðilum, er rétt eiga og leyfi hafa til lyfjasölu hér á landi, svo og sjúkrahúsum, er uppfylla skilyrði, sem sett eru eða sett kunna að verða um meðferð lyfja á sjúkrahúsum.

4. gr.

Þeir, sem hafa leyfi til innflutnings skv. 3. gr. og hyggjast flytja inn ávana- og fíkniefni, hvort sem er í formi hráefnis eða samsetninga er innihalda efni, sem talin eru á listum A og B í fylgiskjali I, skulu sækja um innflutningsleyfi til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í hvert sinn, áður en pöntun er gerð.

Í umsókn skal greina:

1. Nafn og heimilisfang umsækjanda.
2. Nafn og heimilisfang seljanda.
3. Heiti efnis og magn. Ef um samsetningu er að ræða, þá heiti og magn þess ávana- og fíkniefnis, sem er í samsetningunni.
4. Hvernig efnið óskast flutt (í pósti, flugpósti o. s. frv.)
5. Til hverra nota efnið er ætlað (til lækninga, rannsókna o. s. frv.).

5. gr.

Ráðuneytið gefur út innflutningsleyfi. Frumrit og tvö afrit sendast umsækjanda, er sendir frumritið með pöntun sinni til seljanda.

Innflytjandi framvísar tolfyfirvöldum, á innflutningsstað, afriti af innflutningsleyfi.

Efni þau, sem hér um ræðir, má ekki tollafgreiða, nema tolfyfirvöldum hafi verið framvísað afriti af innflutningsleyfi, og aðeins til þess aðila, sem innflutningsleyfið heimilar. Sendingin skal vera merkt því nafni og heimilisfangi inn-

flytjanda, sem í innflutningsleyfinu greinir. Óheimilt er að nota pósthólf, nafn banka eða annað þess háttar sem heimilisfang. Efnið skal í sendingu vera greinilega áritað því heiti, sem greint er í innflutningsleyfinu, en sá merkimiði má ekki vera á ytri umbúðum.

Jafnskjótt og innflytjandi hefur veitt efninu móttöku, skal hann rita á afrit sitt af innflutningsleyfinu dagsetningu, heiti og magn efnisins, sem hann í raun veitti viðtöku og senda afritið til ráðuneytisins, ásamt afriti af útflutningsleyfi hlutaðeigandi yfirvalda í landi seljanda, ef slíkt afrit hefur fylgt sendingunni.

6. gr.

Innflutningsleyfi gildir að jafnaði í fjóra mánuði nema heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið heimili annað. Verði innflutningsleyfi ekki notað, skal tilkynna það ráðuneytinu skriflega í síðasta lagi þann dag, er innflutningsleyfið rennur út. Ef um óunnið eða hálfunnið hráefni til lyfjagerðar er að ræða, skal flytja inn heimilað magn í einu lagi.

Sömu ákvæði og að framan greinir um innflutning gilda einnig ef um útflutning er að ræða.

Ákvæði þessi um innflutning og útflutning eiga ekki við um þau ávana- og fíkniefni, sem samkvæmt gildandi reglum skulu vera í lyfjakistum skipa eða loftfara og ekki heldur um þau lyf, sem einstaklingar flytja með sér til eigin nota og þeim hefur verið ávísað á lögsmætan hátt og endast mega í allt að 10 dögum, ef fyrirráðgjafur læknis er hlítt.

7. gr.

Lyfsalar, héraðslæknar með lyfsölu, dýralæknar með lyfsölu, sjúkrahús, Lyfjaverslun ríkisins, lyfjagerðir og lyfjaheildsölur, sem annast vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna samkvæmt reglugerð þessari skulu fylgja ákvæðum um skráningu á afhendingu eftirritunarskyldra lyfja samkvæmt nánari leiðbeiningum þar að lútandi.

Enn fremur skal skrá sérstök eyðublöð notkun eftirritunarskyldra ávana- og fíkniefna við framleiðslu, rýrnun við framleiðslu og af öðrum orsökum svo sem vegna förgunar.

Útfyllt eyðublöð skulu send ráðuneytinu mánaðarlega fyrir 10. dag hvers mánaðar.

Óheimilt er að farga ávana- og fíkniefnum nema í samráði við lyfjaeftirlit ríkisins og að viðstöddum lyfjaeftirlitsmanni.

8. gr.

Bannað er að afhenda ávana- og fíkniefni sem lyfjasýnishorn. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu banni vegna vísindalegra rannsókna eða af öðrum sérstökum orsökum.

Aðilar samkvæmt 7. gr. skulu gera ársskýrslur varðandi ávana- og fíkniefni á sérstöku eyðublaði, sem látið er í té af ráðuneytinu. Ennfremur skulu þeir gefa á hverjum tíma þær skýrslur og upplýsingar, sem ráðuneytið telur nauðsynlegar til eftirlits með ávana- og fíkniefnum.

9. gr.

Um mál er rísa kunna vegna brota á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1 milljón króna, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Tilraun

og hlutdeild í brotum gegn reglugerð þessari eru refsiverð samkvæmt III. kafla hinna almennu hegningarlaga.

Ávana- og fíkniefni, sem aflað hefur verið á ólögmætan hátt eða eru á annan hátt í ólögmætri vörslu skal gera upptæk til ríkissjóðs. Þá skal og heimilt að gera upptækt til ríkissjóðs andvirði ólögmætrar sölu ávana- og fíkniefna, svo og hvers konar muni, sem notaðir hafa verið eða ætlaðir eru til ólögmætrar meðferðar efnanna.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65 21. maí 1974 öðlast gildi 1. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um ávana- og fíkniefni nr. 257/1969 og önnur ákvæði reglugerða, er fara í bága við reglugerð þessa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. desember 1974.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

LISTI A

(Efni, sem hönnuð eru á íslensku forráðasvæði sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65 21. maí 1974 og 2. gr. þessarar reglugerðar).

A.1.	Acetorphinum	INN
A.2.	Cocainum	NFN
A.3.	Desomorphinum	NFN
A.4.	Diacetylmorphinum	(Heróín)
A.5.	Etorphinum	INN
A.6.	Kannabis (Marihuana) og Kannabis harpeis og hverskonar galenskar samsetningar og plöntuhlutar	
A.7.	Ketobemidonum	NFN
A.8.	Lysergidum	NFN (LSD, LSD-25)
A.9.	Mescalinum (peyote).	
A.10.	Phenmetralinum	NFN
A.11.	Psilocybinum	NFN
A.12.	Psilotsinum	NFN
A.13.	2-aminó-1-(2, 5-dímétoxí-4 metýlfenýl) própán (STP, DOM).	
A.14.	3-(2-dímétýlaminóetýl) indólól-(4) (psilocin).	
A.15.	3-(1,2-dímethýlheptýl)-6,6,9-trimetýl-7,8,9,10-tetrahydró-6H-dibensó[b,d]-pýranól-(1) (DMPH).	
A.16.	3-hexýl-6,6,9 trimetýl-7,8,9,10- tetrahydró-6H-dibensó [b,d]-pýranól-(1) (parahehexyl).	
A.17.	N,N-dietýl-(2-indólýl-(3)etýl amín (DET).	
A.18.	N, N-dímétýl-(2-indólýl-(3)-etýl amín (DMT).	
A.19.	3-pentýl-6,6,9-trimetýl-6a, 7, 10, 10a- tetrahydró-6H-dibensó b,d -pýranól-(1) tetrahydrócannabínólar).	

LISTI B

(Efni, sem eingöngu er heimilt að nota hér á landi í visindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og eru jafnframt eftirritunarskyld).

B.1.	Acetyldihydrocodeinum (6 asetoxí-3 metoxí-17 metýl-4,5 epoximorfínan).	
B.2.	Acetylmethadolum	NFN
B.3.	Aethylmethylthiambutenum	NFN
B.4.	Aethylmorphinum	NFN
B.5.	Allylprodinum	NFN
B.6.	Allypropymalum	NFN
B.7.	Alphacetylmethadolum	NFN
B.8.	Alphameprodinum	NFN
B.9.	Alphamethadolum	NFN
B.10.	Alphaprodinum	NFN
B.11.	Amfepramonum	NFN
B.12.	Amphetaminum	NFN
B.13.	Anileridinum	NFN
B.14.	Benzylmorphinum (3 bensýl-morfín).	
B.15.	Benzethidinum	NFN
B.16.	Betacetylmethadolum	NFN
B.17.	Betameprodinum	NFN
B.18.	Betamethadolum	NFN
B.19.	Betaprodinum	NFN
B.20.	Bezitramidum	NFN
B.21.	Bimethadolum	NFN
B.22.	Chlorphenterminum	NFN
B.23.	Clonitazinum	NFN
B.24.	Codeinum	NFN
B.25.	Codoximum	NFN
B.26.	Dexamphetaminum	NFN
B.27.	Dextromethorphanum	NFN
B.28.	Dextromoramidum	NFN
B.29.	Dextropropoxiphenum	NFN
B.30.	Diaethylthiambutenum	NFN
B.31.	Diampromidum	NFN
B.32.	Dihydrocodeinum	NFN
B.33.	Dihydromorphinum (3,6 díhýdroxí-17 metýl-4,5 epoximorfínan).	
B.34.	Dimenoxadolum	NFN
B.35.	Dimethylthiambutenum (SPA)	NFN
B.36.	Dioxaphetyli butyras	INN
B.37.	Diphenoxylatum	NFN
B.38.	Dipipanonium	NFN
B.39.	Drotebanolum	NFN
B.40.	Ekgónín og estrar og úrefni ekgóníns.	
B.41.	Etanitazinum	NFN
B.42.	Etorphinum	INN
B.43.	Etoxeridinum	NFN
B.44.	Fentanylum	NFN

B.45.	Folium coca.	
B.46.	Furethidinum	NFN
B.47.	Glutethimidum	NFN
B.48.	Hydroconum	NFN
B.49.	Hydromorphinolum	NFN
B.50.	Hydromorphonum	NFN
B.51.	Isomethadonum	NFN
B.52.	Levomorporhanum	NFN
B.53.	Levomoramidum	NFN
B.54.	Levophenacylmorphanum	NFN
B.55.	Levorphanolum	NFN
B.56.	Meballymalum	NFN
B.57.	Mebumalum	NFN
B.58.	Meprobamatum	NFN
B.59.	Metadónintermediat (2,2 dífenýl-4- dímetýlaminó- pentannítríl).	
B.60.	Metazocinum	NFN
B.61.	Methadonum	NFN
B.62.	Methamphetaminum	NFN
B.63.	Methaqualonum	NFN
B.64.	Methyldesorphinum	NFN
B.65.	Methyldihydromorphinum	NFN
B.66.	Methylphenidatum	NFN
B.67.	Metoponum	NFN
B.68.	Móramíðintermediat (2,2 dífenýl-3 metýl-4 morfólinó- smjörfsýra).	
B.69.	Morfínmetýlbrómið og önnur morfínúrefni með fimm- gildu köfnunarefni.	
B.70.	Morfín-N-oxíð.	
B.71.	Morpheridinum	NFN
B.72.	Morphinum	NFN
B.73.	Myrophinum	NFN
B.74.	Nicocodinum	NFN
B.75.	Nicodicodinum	INN
B.76.	Nicomorphinum	NFN
B.77.	Noracymethadolum	NFN
B.78.	Norcodeinum	NFN
B.79.	Norlevorphanolum	NFN
B.80.	Normethadonum	NFN
B.81.	Normorphinum	NFN
B.82.	Norpipanonum	NFN
B.83.	Opium	NFN
B.84.	Oxiconum	NFN
B.85.	Oximorphonum	NFN
B.86.	Oxipethidinum	NFN
B.87.	Pemolinum	NFN
B.88.	Pentazocinum	NFN
B.89.	Pentymalum	NFN
B.90.	Pethidinum	NFN
B.91.	Petidínintermediat A (4-fenýl-1-metýl-píperídínkar- bónítríl-(4)).	

B.92.	Petidínintermediat B (etýl (4-fenýlpíperidín karboxýlat -(4))).	
B.93.	Petidínintermediat C (4-fenýl-1-metýlpíperidín karboxýlsýra-(4)).	
B.94.	Phenadoxonum	NFN
B.95.	Phenampromidum	NFN
B.96.	Phenazocinum	NFN
B.97.	Phencyclidinum	NFN
B.98.	Phenomorphanium	NFN
B.99.	Phenoperidinum	NFN
B.100.	Phenterminum	NFN
B.101.	Pholcodinum	NFN
B.102.	Piminodinum	NFN
B.103.	Pipradrolum	NFN
B.104.	Piritramidum	NFN
B.105.	Proheptazinum	NFN
B.106.	Propерidinum	NFN
B.107.	Propiramum	NFN
B.108.	Racemethorphanum	NFN
B.109.	Racemoramidum	NFN
B.110.	Racemorphanum	NFN
B.111.	Thebaconum	NFN
B.112.	Thebainum (3,6-dimetoxí-17-metýl-4,5 epoxímorfíndíen-(6,8)).	
B.113.	Trimeperidinum	NFN

LISTI C

(Efni, sem eingöngu er heimilt að nota hér á landi í vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi en eru ekki eftirritunarskyld.).

C.1.	Aethallymalum	NFN
C.2.	Apronalum	NFN
C.3.	Diallymalum	NFN
C.4.	Diemalum	NFN
C.5.	Enhexymalum	NFN
C.6.	Enphenemalum	NFN
C.7.	Ethchlorvynol (3-(2-klórvínýl) pentín-(1)-ól-(3)).	
C.8.	Ethinamatum	NFN
C.9.	Heptamalum	NFN
C.10.	Hexemalum	NFN
C.11.	Methypylonum	NFN
C.12.	Phenemalum	NFN
C.13.	Secumalum	NFN